


Lifandi vatn



Þór Breiðfjörð



Páll Rósinkranz



Dilljá Pétursdóttir



Sigríður Guðnadóttir



Gissur Páll Gissurarson



Regina Ósk

Lindakirkja á afmæli – Lyftum okkur upp!

Á þessu hausti eru liðin 20 ár síðan safnaðarstarf í Lindasókn hóf göngu sína. Í tilefni afmælisins verður bryddað upp á ýmsu vikuna 17. – 23. október. Atburðirnir falla allir undir slagorðið Lindakirkja á afmæli – Lyftum okkur upp, því þetta haust verður mikið kapp á það lagt að safna fyrir lyftu í turn Lindakirkju. Löngu er orðið tímabært að sóknarbörn og önnur börn, ung og gömul, geti átt kost á að njóta þess stórkostlega útsýnis sem fyrir augu ber úr turninum og meðfylgjandi panorama mynd ber með sér. Síðastliðið vor var kjallari kirkjunnar tekinn í gegn og hafa þær breytingar nú þegar reynst mikil lyftistöng fyrir barna- og unglingastarfið. Lyfta í turnhús kirkjunnar myndi tryggja aðgengi allra að þeirri frábæru aðstöðu sem þar er.

Meðal afmælisatburða má nefna að fimmtudaginn 20. október verða haldnir fjárflokkartónleikar í hádeginu. Þar leggur

glæsilegur hópur söngvara Lindakirkju lið; Gissur Páll Gissurarson, Páll Rósinkranz, Regina Ósk Óskarsdóttir, Sigríður Guðnadóttir og Þór Breiðfjörð að ógleymdri Dilljá Pétursdóttur, sem syngur með Kór Lindakirkju. Óskar Einarsson, tónlistarstjóri leikur á píanó með öllum

söngvurunum og hefur umsjón með dagskrá tónleikanna. Sunnudagurinn 23. október hefst með afmælskirkjubralli í sunnudagaskólanum og að sjálfsögðu verður boðið upp á afmælsköku í tilefni dagsins. Sama kvöld verður boðið upp á viðlíka trakteringar að lokinni guðspjónustu kl. 20. Fleiri

atburðir verða þessa viku sem verða auglýstir betur þegar nær dregur, má nefna að hlauparar munu safna áheittum til að afla söfnuninni Lyftum okkur upp! lið.

Einnig má nefna að í tilefni afmælisins eru öll safnaðarblöð Lindakirkju frá upphafi aðgengileg nú á heimasíðu safnaðarins.

Skráning er hafin í Barna- og unglingakóra Lindakirkju 2022 - 2023

Stjórnendur eru Áslaug Helga Hálfðánardóttir og Hjördís Anna Matthíasdóttir



Unglingagospelkórinn

(Fyrir unglinga frá 7. bekk og eldri)

Æfingar á miðvikudögum kl. 16:30 – 17:45

Skráning:

<https://skraning.lindakirkja.is/unglingagospelkor>

Barnakórinn

(Fyrir krakka í 3 – 6. bekk)

Æfingar á þriðjudögum kl. 16:30 – 17:15

Skráning:

<https://skraning.lindakirkja.is/barnakor>

Hjónanámskeið

7 vikna námskeið sem kennd verða á mánudögum (hefst 16. janúar). Námskeiðin hefjast með mat kl. 18. Eftir matinn er fræðsla og síðan vinna þörin hver fyrir sig verkefni út frá kennslunni. Engin hópvinna fer fram á námskeiðinu. Þrátt fyrir að námskeiðið sé byggt á kristnum gildum er það mjög gagnlegt öllum þörum óháð trúarskoðunum eða kirkjudeildum.

Námskeiðið kostar 35.000 kr. fyrir parið og er það í raun fyrir matarkostnaði sem er 2500 kr. á mann hvert kvöld. Kennslubækur fylgja.

Margir hafa sótt þessi námskeið og gefa þeim góð meðmæli.

„Við hjónin sóttum námskeiðið fyrir nokkrum árum. Það var svo notalegt að eiga svona góða kvöldstund saman, borða góðan mat og ræða saman um sambandið okkar. Þetta blessaði okkur og dró okkur nær hvort öðru. Það var enginn að skipta sér af því hvað við ræddum um.“

Skráning á lindakirkja.is



Kríasálmar

Kríasálmar eru tónlistarnámskeið fyrir ungabörn (3 til 12 mánaða).

Föstudagana 28. október til og með 18. nóvember verður boðið upp á Kríasálma í Lindakirkju kl. 10:30 - 11:15. Unnið er með skynjun barnanna í gegnum tónlist. Sálmar kirkjunnar sem og barnavísur eru notaðar á skemmtilegan hátt. Eyru, augu og snerting örvuð með tónlist, litum og hreyfingu.

Tónlistarkonurnar Áslaug Helga Hálfánardóttir og Hjördís Anna Matthíasdóttir eru kennarar námskeiðisins. Skráning er á lindakirkja.is

Samverur eldri borgara

Dagskrá veturinn 2022 – 2023

Stundirnar verða áfram hálfsmánaðarlega á fimmtudögum kl. 12:00 – 13:40.

Súpusamverur hafa verið ómissandi hluti af tilveru margra í Lindasókn undanfarin ár. Samverurnar eru fjölsóttar og gjarnan mæta gestir með áhugaverða fyrirlestra eða kynningar í bland við að prestarnir bregða á leik.

Stundirnar næra í senn líkama, sál og anda, en í upphafi er boðið uppá súpu eða staðgóðan hádegisverð, svo er fyrirlestur eða dagskrárefni áður en endað er á Guðs orði, bæn og sálmasöng.

- **15. september** – Haustferð – uppselt í haustferðina
- **29. september** – Svavar Knútur tónlistarmaður
- **13. október** – Óvænt ánægja!
- **27. október** – Kótiletujazz
- **10. nóvember** – Eypór Ingi tónlistarmaður og eftirherma
- **24. nóvember** – Jólasamvera. Jólamatúr og jólagestur.



Frá haustferð eldri borgara 2021

Barnakór Lindakirkju

fyrir 3.–6. bekk og Unglingagospelkór Lindakirkju fyrir 7. bekk og eldri



Í Lindakirkju er öflugt kórastarf fyrir börn og unglinga. Kórarnir taka virkan þátt í tónlistarlífi

kirkjunnar sem og öðrum skemmtilegum verkefnum. Söngur er stórkostlegur til að

sameina hópa sem og að hver og einn fái að blómstra á sínum eigin forsendum. Það að standa og syngja fyrir framan fólk krefst hugrekkis og er eflandi fyrir sjálfstraustið. Kórarnir fá tækifæri til að kynnst ólíkum tónlistarstefnum með gospelsöngum í forgrunni.

Stjórnandi kóranna er Áslaug Helga Hálfánardóttir tónlistarkennari og djákni. Aðstoðarkórstjóri er Hjördís Anna Matthíasdóttir tónlistarkona.

Æfingar Barnakórs Lindakirkju eru á þriðjudögum kl. 16:30 – 17:15 Æfingar Unglingagospelkórs Lindakirkju eru á miðvikudögum kl. 16:30 – 17:45

Skráning er á lindakirkja.is

Vinavoðir – blessað handverk

Félagsskapurinn Vinavoðir í Lindakirkju hóf göngu sína vorið 2014.

Vinavoðir byggja á hugsjón Prayer Shawl Ministries í Bandaríkjunum þar sem fjöldi handavinnuhópa hefur verið stofnaður til að þrjóna og hekla sérstök bænasjöl.

Bænasjölín hafa verið gefin áfram sem vinavottur og hlýjar blessunaróskir til sjúklinga og annarra sem eru staddir á krossgötum í lífi sínu.

Hugsjónin hefur breiðst út víða um heim og orðið mörgum til blessunar, bæði þeim sem gefa og þiggja.

Vinavoðir hittast í Lindakirkju á mánudögum kl. 11:00-13:00

Þú ert velkomin/nn í hópinn.

Mörg dæmi eru um þakklátt fólk sem hefur þegið sjál og síðar sjálft þrjónað sjöl fyrir aðra sem þurfa þeirra með. Þannig berst blessunin áfram lykkju fyrir lykkju, mann fram af manni.



Alfa námskeið – Spurningar lífsins

Kynningarkvöld fyrir Alfa-námskeið verður miðvikudagskvöldið 21. september í Lindakirkju kl. 18:00. Námskeiðið stendur svo í 7 miðvikudagskvöld frá kl. 18:00 – 20:00 (auk helgarferðar 11. – 13. nóvember).

Sr. Guðni Már Harðarson heldur utan um námskeiðið ásamt góðum hópi fólks: Heiðdísí Karlsdóttur, Nínu Dóru Pétursdóttur, Þórdísí Sigurðardóttur, Brynju Brynjars-

dóttur, Gunnari Böðvarssyni og sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni.

Á Alfa-námskeiðinu sem oft hefur verið haldið í Lindakirkju í gegnum árin verður stuðst við myndbönd til kennslu í bland við lifandi fyrirlestra. Alfa styðst við bók Nicky Gumbel: Spurningar lífsins (e. Questions of Life). Umgjörð námskeiðsins er afslöppuð og þægileg og ekki eru lagðar kröfur á þátttakendur um viðhorf, skoðanir eða afstöðu. Upplifun

hvers og eins af námskeiðinu er ávallt mjög persónuleg. Hver og einn dregur sinn lærdóm. Mörg hafa hlotið blessun af því að sækja Alfa-námskeið oftar en einu sinni enda trúarglíman og spurningar lífsins sístætt verkefni.

Við í Lindakirkju bjóðum ykkur sérstaklega velkomin á kynningarkvöldið þar sem boðið verður upp á ljúffenga máltíð, kynningar, fyrirlestur og spurningar.

Kostnaður við kynningarkvöldið er enginn en fyrir hin kvöldin 7 er greitt 1500 krónur fyrir matinn og svo kostar ferðin 9000 krónur og þá er gisting, matur og allt innifalið.

Skráning á námskeiðið fer fram á www.skraning.lindakirkja.is

Ef fólk á í vandræðum með að greiða fyrir námskeiðið má senda línu á guðni@lindakirkja.is svo hægt sé að koma til móts við það. Fjárhagsleg staða verður ekki látin hamla þátttöku í Alfa.

Öflugt barna og unglingastarf í samvinnu við KFUM og KFUK



Fjölbreytt barna og unglingastarf Lindakirkju er í samvinnu við KFUM og KFUK á þriðjudögum í vetur, ýmislegt skemmtilegt er á döfinni, leikir og hópefli, Bingó, skapandi starf og svo er alltaf farið í ferð í Vatnaskóg, starfið verður á eftirfarandi tímum:

16:30-17:30 KFUM starf fyrir 10-12 ára stráka- Forstöðumenn sr. Guðni Már Harðarson og Matthías Davíð Matthíasson. Leiðtogar: Tómas Andri Gíslason og Ragnar Már Halldórsson

17:30-18:30 KFUK starf fyrir 10-12 ára stelpur -

Forstöðumenn: Andrea Rut Halldórsdóttir, María Rut Arnarsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir

19:00-20:30 Unglingastarf fyrir 8.bekk fyrir öll kyn í Lindakirkju, forstöðumenn: Hálf dán Helgi Matthíasson, Karen Sól Halldórsdóttir og Matthías Davíð Matthíasson

20:30-22:00 Unglingastarf fyrir 9-10.bekk fyrir öll í Lindakirkju, forstöðumenn: Hálf dán Helgi Matthíasson, Karen Sól Halldórsdóttir og Matthías Davíð Matthíasson

LINDAKIRKJA

Alfa námskeið
í Lindakirkju

hefst 21. september kl. 18:00

Alfa

Skráning á www.lindakirkja.is



LINDAKIRKJA



**Guðspjónustur á
sunnudagskvöldum kl. 20:00.**

Óskar Einarsson stýrir
Kór Lindakirkju.
Prestar kirkjunnar þjóna.

Verið velkomin!



Regína Ósk og **Svenni Þór** leiða
stundina sem hefst kl. 11:00,
ásamt prestum kirkjunnar og
sunnudagaskólakennurunum.
6-9 ára starf er á sama tíma.



Lindakirkja

📍 Uppsölum 3 - 201 Kópavogur

📞 Sími 544 4477

🌐 lindakirkja@lindakirkja.is